



Skipulagsstofnun  
b.t Þórdísar Stellu Erlingsdóttur  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2023  
UST202308-089/B.S.  
10.05.00

## Efni: Umhverfismat framkvæmda - Stækkun Sigölduvirkjunar. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun hefur á fyrri stigum gefið umsögn um framkvæmdina þar sem lögð hefur verið áhersla á að nýta núverandi virkjanir og orkuflutningsinnviði betur ef unnt er til að ekki þurfi að koma til að ráðist verði í virkjanir á svæðum þar sem engin slík mannvirki eru til staðar. Umrædd framkvæmd er innan iðnaðarlóðar og gert var ráð fyrir mögulegri stækkun þegar virkjunin var byggð á áttunda áratug síðustu aldar.

Umhverfisstofnun hefur einnig bent á að við umrædda framkvæmd ætti að fara yfir röskuð svæði í nágrenni virkjunarinnar með það í huga hvort unnt sé að betrubæta eldri frágang þar sem aðrar hugmyndir um landmótun voru uppi þegar virkjunin var reist.

Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að ekki verið að breyta vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflum í Krókslóni, einungis er verið að auka nýtingu virkjunarinnar með auknu vélarafli. Breytingar á starfsemi virkjana geta haft áhrif á umhverfismarkmið vatnshlota og því er mikilvægt að meta áhrif virkjana sem geta haft áhrif beint og óbeint.

Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum vegna áhrifa á vatnshlotin sem bárust þann 22. nóvember 2023. Umhverfisstofnun hefur yfir farið þau gögn sem bárust frá Hafrannsóknastofnun fyrir hönd Landsvirkjunar vegna mögulegra áhrifa á vatnshlot sem eru á áhrifasvæði Sigölduvirkjunnar. Sigölduvirkjun er með starfsleyfi frá Heilbrigðistefirliti Suðurlands.

Vatnshlotin eru:

- Krókslón (103-2447-L)
- Hrauneyjalón (103-2135-L)
- Veituleið Sigölduvirkjunar (103-970-R)

„Tilgangurinn með fyrirhugaðri stækkun Sigöldustöðvar er að auka afl í raforkukerfinu og skapa þannig aukinn sveigjanleika í orkuafhendingu og mæta afltoppum þegar eftirspurn er í hámarki. Fyrirhuguð aflaukning er allt að 65 MW. Ekki er gert fyrir auknu vatnsmagni að öðru leyti en að nýta má meira vatn í styttri tíma sem þá eykur sveiflur í rennsli um virkjunina“

Þær breytingar sem við má búast við stækkun Sigölduvirkjunar er tímabundinn aukinn rennslisraði vatns um lónin og veituskurð aðrar vatnsformfræðilegar breytingar verða óverulegar. Rennslisaukning mun dæpast út í lónunum fyrir neðan og engra áhrifa að gæta í Þjórsá neðan Sultartanga.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áhrifamatið og bendir á að vatnshlotin hafa öll orðið fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum<sup>1</sup> og eru ólíkleg til að ná góðu vistfræðilegu ástandi eins og fram kemur í greinargerð.

Mikilvægt er að tryggja vöktun skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, vatnaáætlun 2022 – 2027.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Ríkey Kjartansdóttir,  
*sérfræðingur*

---

<sup>1</sup> Umhverfisstofnun 2020: Fyrstu skref við mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum.

## RE 202306016 - Stækkun Sigöldustöðvar

**Til** : Ásahreppur Ásahreppur <asahreppur@asahreppur.is>; Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

**Frá** : Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>

**Heiti** : RE 202306016 - Stækkun Sigöldustöðvar

**Málsnúmer** : 202306016

**Málsaðili** : Skipulagsstofnun

**Skráð dags** : 30.10.2023 00:00:00

**Höfundur** : Vigfús Þór Hróbjartsson <vigfus@utu.is>

**Viðhengi** [image004.jpg](#)  
[image003.png](#)  
[image002.jpg](#)

You don't often get email from vigfus@utu.is. [Learn why this is important](#)

Sæl vertu Þórdís og afsakið sein viðbrögð við þessum pósti sem Valtýr áframsendi á mig. Hreppsnefnd Ásahrepps tók tillögu nýs deiliskipulags vegna Sigöldustöðvar til afgreiðslu á fundi sínum þann 18. Október síðastliðinn þar sem eftirfarandi bókun var gerð:

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra eftir auglýsingu. Deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun og heimila stækkun stöðvarinnar. Í dag er virkjað rennsli 240 m<sup>3</sup>/s og afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Framkvæmdir við stöðina hófust árið 1973 og var hún gangsett í byrjun árs 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Auk þess verður stöðvarhús stækkað og frárennisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi. Unnin hefur verið mannvirkjaskráning fyrir stöðina og eru settir skilmálar í tengslum við hana. Þá voru fornminjar skráðar. Skipulagssvæði Sigöldustöðvar er um 108 ha að stærð. Gerðar voru breytingar á gögnum skipulagsins eftir auglýsingu, samantekt breytinga kemur fram í lið 6.5 innan greinargerðar.

*Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Í takt við afgreiðslu Hreppsnefndar vegna málsins gerði ég ekki ráð fyrir því að gerðar séu athugasemdir við málið.

Bestu kveðjur,

Vigfús Þór Hróbjartsson

Skipulagsfulltrúi

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. október 2023  
Tilvísun: OS2023080016  
Skjalnr: 402852

### Efni: Umhverfismatsskýrsla um stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 11. ágúst 2023, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna áforma Landsvirkjunar um stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW með því að bæta við fjórðu vélarsamstæðunni í virkjunina, í samræmi við ákvæði 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 1381/2021, skal í umsögnum umsagnaraðila koma fram hvort þeir hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði sínu, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum þeir telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísan til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög. Þá bendir Orkustofnun á að efnistaka í þjóðlendum er háð nýtingarleyfi Orkustofnunar, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998, að teknu tilliti til 2. mgr. 31. gr. laganna.

Núverandi vatnsaflsvirkjun við Sigöldu starfar í samræmi við leyfi iðnaðarráðuneytisins með vísan til þágildandi laga um raforkuver, nr. 60/1981. Frá því að virkjunarleyfið var gefið út hefur lagaumgjörð raforkuframleiðslu breyst umtalsvert, m.a. með setningu raforkulaga árið 2003, auk þess sem framþróun hefur átt sér stað varðandi eðli og efni virkjunarleyfa. Verði af stækkun Sigöldustöðvar mun þurfa nýtt virkjunarleyfi sem tekur til allrar raforkuframleiðslu virkjunarinnar. Sama á við um hugsanlegar stækkanir annarra virkjana sem tilgreindar eru í 4. kafla umhverfismatsskýrslu, óháð því hvort um verður að ræða framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir ellegar afrakstur á uppfærslum og/eða breytingum á búnaði. Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnispáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.



Fyrirhugaðar framkvæmdir við Sigölduvirkjun fela í sér að grafið verður úr bakka suðvestan núverandi stöðvarhúss og bætt við sambærilegri einingu við þær sem fyrir eru með nýrri vélasamstæðu með allt að 65 MW afli. Með þessum breytingum getur virkjað rennsli numið allt að 350 m<sup>3</sup>/s. Á byggingartíma virkjunar var komið fyrir rist og varaloku fyrir fjórðu pípu/vélina í inntaksmannvirkinu og var gert ráð fyrir að bæta mætti við fjórðu þrýstipípunni í fyrirbyggjandi steiptum stokki sem liggur undir inntaksstífluna. Við stækkun stöðvarinnar þarf að koma fyrir nýrri hjólaloku í inntakshúsinu en gert hefur verið ráð fyrir henni þar. Leggja þarf viðbótar fallpípu frá inntaksmannvirkjum. Vegna lengingar á stöðvarhúsi verður frárennslisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breytingum á honum. Framkvæmdasvæðið er innan skipulags iðnaðarsvæðis skv. aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 og á röskuðu landi. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Sigöldustöð en skv. upplýsingum í framlögðum gögnum er hafin vinna við gerð deiliskipulags fyrir stöðina. Engar breytingar verða á vatnshæð í lóni né aðrennslisskurði.

Með bréfi, dags. 7. júlí 2023, kynnti Orkustofnun þá niðurstöðu sína að tilgreind fyrirhuguð stækkun Sigölduvirkjunar úr 150 MW í 215 MW, eins og henni var lýst í framlögðum gögnum Landsvirkjunar, skyldi undanþegin ákvæðum um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun), með vísan til 2. másl. 3. mgr. 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, enda væru hvorki áformaðar frekari vatnsveitingar né aukin miðlun vatns í fyrirbyggjandi lónum eða nýjum miðlunarlónum. Þá væru framkvæmdir einungis áformaðar innan skilgreinds iðnaðarsvæðis á svæði sem þegar hefði verið raskað.

Orkustofnun gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu. Að mati stofnunarinnar er umfjöllun um þau atriði sem bent var á í umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar, dags. 13. júlí 2022, fullnægjandi. Stofnunin bendir á að virkjunarleyfi skv. raforkulögum telst vera leyfi til framkvæmda skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Vegna þessa skal niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir áður en komið getur til útgáfu virkjunarleyfis vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Orkustofnunar

Kristján Geirsson  
Sviðsstjóri  
Sjálfbær auðlindanýting  
*Rafræn undirskrift hér að neðan*



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 - Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) - Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) - Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 14. september 2023  
2308048HS SG

**Efni: Sigölduvirkjun - Umsögn um umhverfismatsskýrslu mál nr. 0483/2023**


Þann 11. ágúst sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bréf Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðar stækkunar Sigölduvirkjunar, Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Um er að ræða stækkun Sigöldustöðvar um eina vélasamstæðu, þ.e. úr þremur í fjórar sem mun eftir stækkun geta skilað allt að 215 MW afli. Við byggingu stöðvarinnar var gert ráð fyrir mögulegri stækkun, eins og fram kemur í skýrslunni. M.a. þarf að stækka stöðvarhúsið sem myndi breikka um 15 metra auk þess sem breikka þarf frárennslisskurði í samræmi. Með stækkun Sigöldustöðvar er um að ræða stækkun á mannvirkjum sem eru til staðar og allt rask á áður röskuðum svæðum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda skýrslu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að skýrslan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir orkuveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi og landmótun vegna frágangs efnistöku- og framkvæmdasvæða, steypustöð og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. september 2023  
Málsnúmer: 202308-0013  
SS

## Efni: Umsögn um umhverfismatsskýrslu stækkun Sigöldustöðvar.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 11. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu framkvæmdar Landsvirkjunar við stækkun Sigöldustöðvar.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka afköst virkjunarinnar með því að nýta betur aukið rennsli. Til þess verður bætt við fjórðu þrýstipípunni. Ráðast þarf í stækkun mannvirkja m.a. að breikka stöðvarhús og frárennisskurð. Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 29. júní 2022. Í þeirri umsögn komu fram nokkrar ábendingar. Í fyrsta lagi að huga þyrfti að því að berg við frárennisskurð sem áform eru um að breikka muni þola aukinn straumhraða. Í öðru lagi að mikilvægt væri að greina vel frá ásynðaráhrifum nýrra mannvirkja. Stofnunin taldi ekki þörf á að meta fleiri umhverfisþætti en fjallað var um í matsáætluninni.

Í umhverfismatsskýrslunni er greint frá áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir, ásynð, vatnalífriki og samfélag. Helstu áhrifaþættir eru framkvæmd við aðrennisskurð, inntak, þrýstipípu og stöðvarhús, efnistaka og haugsetning, vinnubúðir og umferð á framkvæmdatíma.

Áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg þar sem mjög lítið svæði raskast vegna framkvæmda og að ekki þurfi að sækja grjót eða annað efni nema að litlu leyti og það í námur eða geymslusvæði sem þegar eru í notkun. Þá verður afgangsefni komið fyrir í slakka á veginum til landmótunar og svæðið grætt upp að framkvæmdum loknum.

Náttúrufræðistofnun telur að leggja mætti betur mat á hversu mikið efni talið er að þurfi að sækja í námur vegna framkvæmda og einnig hversu mikið efni er líklegt að þurfi að haugsetja. Vegna staðsetningar og eiginleika áhrifasvæðisins getur stofnunin þó tekið undir að líklegt sé að áhrif á jarðminjar verði óveruleg.

Áhrif á ásynð eru metin óveruleg þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru í hvilft og milli hæða í landslagi. Ásynðarmyndir sýna lítills háttar mun á ásynð til stöðvarinnar á nokkrum stöðum en yfirbragð Sigöldustöðvar helst að mestu svipað og engin ný svæði verða fyrir ásynðaráhrifum.

Áhrif á lífríki vatns eru metin óveruleg þar sem ekki er að vænta breytinga á vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflum í Krókslóni og ekki heldur í Hrauneyjalóni. Áfram verður fylgst með lífríkis vatns á áhrifasvæði virkjana á Þjórsár-Tungnaásvæðinu. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 25. september 2023 segir að rökstyðja þurfi betur þá niðurstöðu matsins að engar breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum vegna framkvæmda og að öruggt sé að engar breytingar verði á vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflum. Náttúrufræðistofnun tekur undir með Hafrannsóknarstofnun að þetta megi útskýra betur.



Varðandi ábendingu Náttúrufræðistofnunar um þol bergs við frárennsliskurð gegn auknu rennsli kemur fram á bls. 12 að hugsanlega geti rennslið valdið rofi í skurðinum en að það þurfi að meta betur með skoðun á berginu. Þá þurfi að verjast hugsanlegu rofi með bergstyrkingum ef þörf er á. Þessi skoðun á berginu á eftir að eiga sér stað og mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar að hún fari fram.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





**Vegna:** Máls nr. 0483/2023, Stækkun Sigölduvirkjunar (Kynning endanlegra áætlunar)

**Athugasemd:** 2206026 - Sigöldustöð. Mat á umhverfisáhrifum. Landsvirkjun hefur lagt fram umhverfismatskýrslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar. Í dag er virkjað rennsli 240 m<sup>3</sup>/s og uppsett afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Framkvæmdir við stöðina hófust árið 1973 og var hún gangsett í byrjun árs 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Með þessari aflaukningu eykst orkuvinnslugeta stöðvarinnar aðeins lítillega nema að til komi meira rennsli, til dæmis með aukinni bráðnun jökla eða aukinni úrkomu. Umsagnir skulu berast eigi síðar en 25. september nk. Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við umhverfismatskýrsluna. Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu nefndarinnar á fundi 13.9.2023.

**Höfundur:** Haraldur Birgir Haraldsson/birgir@ry.is

**Sent inn þann:** 18.09.2023 , **Fyrir hönd:** Rangárþing ytra

Forsætisráðuneytið, 29.08.2023.

Vísað er til erindis Landsvirkjunar. frá 11. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn við mat á umhverfisáhrifum fyrir stækkun Sigölduvirkjunar.

Landsvirkjun áformar að stækka Sigöldustöðstöð með því að bæta við fjórðu aflvélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Auk þess verður stöðvarhús stækkað um 15 m og frárennisskurður breikkaður næst stöðvarhúsi. Sigöldustöð er í Ásahreppi og Rangárþingi ytra á Holtamannaafretti sem er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2003.

Stækkun Sigöldustöðvar er í samræmi við Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 en þar er gert ráð fyrir mannvirkjum Sigöldustöðvar og aflaukningu. Sigöldustöð er jafnframt í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 en þar er gert ráð fyrir mannvirkjum hennar.

Forsætisráðuneytið gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

- Landsvirkjun óskaði eftir leyfi ráðuneytisins fyrir stækkun á Sigöldustöð með erindi dags. 28. mars sl. Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til stækkunarinnar fyrr en niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir. Landsvirkjun var upplýst um þá ákvörðun ráðuneytisins með tölvupósti hinn 26. apríl sl.
- Í kafla nr. 3.3.2. er fjallað um inntak. Þar segir „Syðsta vatnsrásin er blinduð með steiptum veggjum að ofan og neðan sem þarf að brjóta niður og fjarlægja til að opna inn í þrýstipípustokk sem tengist aftan við inntak“. Hvernig verður ásýnd virkjunarinnar þegar steiptir veggir eru brotnir niður og fjarlægðir. Hefur það einhver sjónræn áhrif á meðan framkvæmdinni stendur? Hvernig verður frágangi við svæðið háttað?
- Í kafla nr. 3.3.4. er fjallað um stöðvarhús. Mögulega verður núverandi stöðvarhús stækkað eða reist nýtt hús. Ekkert er minnst á að komi upp sú staða að reisa þurfi nýtt hús. Engar frekari útlistanir eru á því í umhverfismatsskýrslunni hvernig það yrði, s.s. hvar það yrði mögulega staðsett, útlit og hönnun hússins (þess nýja).
- Í kafla nr. 3.7.7. er fjallað um byggingarefni. Ráðuneytið minnir á að samþykkir ráðuneytisins þarf fyrir nýtingu á námum og öðrum jarðefnum óháð tímalengd.

Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Ráðuneytið gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum vegnar stækkunar Sigölduvirkjunar en tekur fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið ef kemur til frekari skipulagsáforma á svæðinu.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 7. september 2023  
MÍ202309-0017/ 6.07 / K.M.

## Efni: Sigöldustöð í Ásahreppi og Rangárþing ytra. Stækkun.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um mat á umhverfisáhrifum stækkunar Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra.

Landsvirkjun áformar að stækka Sigöldustöð um allt að 65 MW. Í dag eru þrjár vélar í stöðinni. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Framkvæmdin felst m.a. í því að núverandi stöðvarhús verður stækkað eða nýtt hús reist. Ef byggð verður við núverandi stöðvarhús mun húsið lengjast um 15 m. Auk aðgerða við inntaksmannvirki stöðvarinnar þyrfti að breikka frárennslisskurð frá stöðinni um 15 m á 160 m kafla út frá stöðvarhúsinu.

Í kafla 3.3.7 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að ekki sé talin þörf á að sækja efni í nálægar námur að undanskildu steypuefni, sem sótt verði í námu við Sporðöldulón. Á mynd 3.2 er sýnt hvar gert er ráð fyrir að ná í fyllingarefni og grjót ef þörf krefur, hvar unnt verður að haugsetja efni sem ekki nýtist og hvar gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir verktaka.

Ekki er fjallað um menningarminjar í umhverfismatsskýrslu. Í skýrslunni kemur fram að vinna þarf deiliskipulag fyrir stöðina. Sú vinna er í gangi á vegum sveitarfélaganna. Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi Sigöldustöðvar með bréfi dags. 11. júlí s.l. Þær framkvæmdir sem kynntar eru í umhverfismatsskýrslu eru allar innan afmarkaðs deiliskipulagssvæðis.

Í tengslum við deiliskipulagsvinnuna var gerð húsakönnun og mannvirkjaskráning fyrir mannvirki Sigöldustöðvar. Fyrir liggur skýrsla Úrbanistan ehf frá 2019, *Aflstöðvar á Þjórsár- og Tungnaárvæði. Mannvirkjaskráning*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir mannvirkjum Sigöldustöðvar og mat lagt á varðveislugildi þeirra út frá eftirfarandi þáttum: Byggingarlist, menningarsögulegu gildi, umhverfisgildi, upprunalegu gildi og ástandi. Út frá mati á þessum þáttum eru færð rök

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

fyrir varðveislugildi. Í skýrslunni koma fram leiðbeiningar um hvort og á hvaða hátt megi breyta einstökum mannvirkjum. Við vinnslu deiliskipulags fyrir Sigöldustöð voru leiðbeiningarnar lagðar til grundvallar við setningu skilmála um verndun og viðhald mannvirkja á skipulagssvæðinu.

Í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagstillögunnar kom fram að það væri niðurstaða mats á umhverfisáhrifum deiliskipulagstillögunnar að stefnan hafi jákvæð áhrif á mannvirki þar sem settir eru skilmálar um verndun og viðhald núverandi mannvirkja og að ný mannvirki skuli taka mið af þeim þannig að heildar yfirbragð mannvirkja verði samræmt.

Fornleifar voru skráðar á skipulagssvæðinu haustið 2021. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Deiliskráning við Hrauneyjar, Sigöldu og Vatnsfell*. Engar fornleifar fundust innan skipulagssvæðis Sigöldustöðvar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum stækkunar Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Selfossi 25. september 2023

Mál: 2023-08-0248

Skipulagsstofnun

**Stækkun Sigölduvirkjunar, nr. 0483/2023: Kynning umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum).  
Umsögn Hafrannsóknastofnunar.**

Með tölvupósti 11. ágúst sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um umhverfismatsskýrslu (Mat á umhverfisáhrifum) sem varðar stækkun Sigölduvirkjunar. Tilgangurinn með fyrirhugaðri stækkun Sigöldustöðvar er að auka afl í raforkukerfinu og skapa þannig aukinn sveigjanleika í orkuafhendingu og gera fyrirtækinu kleift að mæta aftoppum þegar eftirspurn er í hámarki. Sigöldustöð er næst efst þeirra vatnsaflsstöðva Landsvirkjunar sem nýta vatn af vatnasviði Tungnaárog Þjórsár, ofar er Vatnfellsstöð. Miðlunarlón stöðvarinnar, Krókslón í Tungnaá og úr því er vatni veitt að Sigölduvirkjun. Frá stöðvarhúsinu liggur frárennisskurður út í Hrauneyjalón, sem er miðlunarlón Hrauneyjafosstöðvar. Í dag er virkjað rennsli 240 m<sup>3</sup>/s og uppsett afl Sigöldustöðvar er 150 MW. Virkjunin var gangsett árið 1978. Landsvirkjun áformar nú að stækka stöðina með því að bæta við fjórðu vélinni og auka með því afl stöðvarinnar í allt að 215 MW. Fyrirhuguð stækkun Sigöldustöðvar felur ekki í sér mannvirki á nýjum svæðum (stöðvarhús, stífla og frárennisskurður) og engar breytingar verða á stærð Krókslóns. Áætlaður framkvæmdatími er um 2,5 ár.

Með stækkun stöðvarinnar eykst rennsli í frárennisskurðinum, sem veldur auknum vatnshraða. Þetta er talið geta valdið rofi í skurðinum og verður brugðist við með bergstyrkingum þar ef á þarf að halda. Ekki er talið að þörf verði á að sækja efni í nálægar námur að undanskildu steypuefni, sem sótt er í námu við (i) Sporðöldulón. Almennt má því segja að þó svo að aukning verði í virkjuðu rennsli, þá er gert ráð fyrir að vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflur verði sambærilegar í lónum því sem nú er. Framkvæmdin er sögð ekki hafa áhrif á rennsli í gamla farvegi Tungnaár neðan við Sigöldustíflu og að Hrauneyjalóni, en þar er lekavatn frá Krókslóni eina rennslið að jafnaði utan þess tíma þegar þarf að opna botnrás og hleypa vatni á þann farveg svo sem þegar útleysing véla fer fram í Sigöldustöð vegna viðhalds.

Þó svo að virkjað rennsli Hrauneyjarfossvirkjunar aukist um 30 m<sup>3</sup>/s, þá er ekki gert ráð fyrir að vatnsborðssveiflur verði (framkvæmd sem fyrirhuguð er í kjölfar stækkunar Sigölduvirkjunar) meiri í Hrauneyjalóni en við núverandi rekstur stöðvarinnar.

Vatnsfellsstöð, Sigöldustöð og Hrauneyjafosstöð eru þegar notaðar til þess að mæta sveiflum í álagi í raforkukerfinu. Sveiflur í rennsli vegna þessa neðan stöðvanna eru sagðar jafnast út í Sultartangalóni og verður ekki vart þar fyrir neðan. Aukið rennsli er tilkomið vegna aukinnar bráðunar jökla og verður nýtt til orkuframleiðslu með stækkun virkjunarinnar í stað þess að það fari sem umframvatn fram hjá virkjuninni.

Hafrannsóknastofnun vill benda á eftirfarandi atriði:

Í kafla 1.5. þar sem fjallað er um hvaða leyfi framkvæmdin er háð (bls. 2) vantar í upptalningu lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Þá vantar upplýsingar um hvernig rennslisstýringu verður háttað á framkvæmdatíma einnig hvort lónhæð virkjanalóna verði breytt á framkvæmdatíma, hver verður vatnsborðshæðin og hverjar verða vatnsborðssveiflurnar. Gera þarf betur grein fyrir áhrifum töku á steypufni úr haug sem er staðsettur í Sporðöldulóni (sjá mynd 3.3). Sú framkvæmd getur haft áhrif á lífríki lónsins. Rennsli á rekstratíma er sögð breytast lítið, en það vantar betri útskýringar á þeim þætti. Gera þarf betur grein fyrir hvernig rennsli og sveiflum í rennsli Þjórsár verður háttað neðan Búrfells eftir virkjun, bæði hvað varðar rekstur virkjunar eftir stækkun og samrekstur með vindmyllum.


Í umfjöllun um áhrifaþætti (s.18) þarf að geta breytinga á rennlisháttum og breytinga á vatnshæð lóna. Þar sem fjallað er um umhverfisþætti (s. 19) þarf að geta áhrifa á vatnalífríki vegna breytts rennslis (ekki bara aukningar) og áhrif lónhæða breytinga vegna breyttra rennshátta á lífríki í lónum.

Sagt er að ekki sé að vænta breytinga á vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflum í Krókslóni vegna fyrirhugaðrar stækkunar Sigöldustöðvar, og því ekki gert ráð fyrir breytingum á lífsskilyrðum í Krókslóni. Að sama skapi er ekki búist við að lífríki neðan Sultartangalóns verði fyrir áhrifum þar sem sveiflna í rennsli verður ekki vart þar fyrir neðan, hvort heldur er við óbreytt ástand eða með stækkun Sigöldustöðvar. Áhyggjur af breyttum rennlisháttum eru því sagðar óþarfar. Hér er þörf á betri rökfærslu. Vatnshlot eru ekki talin breytast, hvorki vegna stækkunar Sigöldustöðvar né aflaukningar Hrauneyjafosstöðvar (sjá kafla 4.2) og engar breytingar sagðar verða á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum og fyrirhugaðar framkvæmdir því sagðar innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir. Hér vantar einnig betri rökfærslu.

F. h. Hafrannsóknastofnunar



Magnús Jóhannsson



Benóný Jónsson

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

25. september 2023

## **Umsögn Náttúrugriða um Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW, Ásahreppi og Rangárþingi ytra – Mat á umhverfisáhrifum, umhverfismatsskýrsla**

Náttúrugrið, kt. 490721–0960, gera meðfylgjandi athugasemdir við umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar fyrir stækkun Sigöldustöðvar.

Náttúrugrið gerðu athugasemdir við matsáætlun Landsvirkjunar fyrir stækkun Sigöldustöðvar sem lögð var fram í maí 2022. Í lok áhlits síns um þá matsáætlun lagði Skipulagsstofnun fram fjórar tölusettar efnisgreinar um þau atriði sem framkvæmdaraðila er skylt að gera grein fyrir við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Í nokkrum veigamiklum atriðum tók Skipulagsstofnun þar undir athugasemdir Náttúrugriða, sérstaklega í því sem lýtur að fyrstu þremur skilyrðum Skipulagsstofnunar (leturbr. Náttúrugrið):

**1. Tilgangur og markmið framkvæmdar.** Í umhverfismatsskýrslu þarf að gera skýrari grein fyrir tilgangi og forsendum fyrirhugaðar stækkunar. Gera þarf grein fyrir áætlaðri orkuframleiðslu *með hliðsjón af fyrirbyggjandi spám um aukið rennsli á vatnasviði virkjunarinnar.*

**2. Samlegðaráhrif.** Í umhverfismatsskýrslu skal gera grein fyrir mögulegum samlegðaráhrifum fyrirhugaðar framkvæmdar með *öðrum áformum á virkjanasvæðinu á vatnsrennsli* og vatnsborð á áhrifasvæði framkvæmdanna. Leiði fyrirhugaðar framkvæmdar til breytinga á vatnsrennsli og yfirborði vatns er þörf á að meta samlegðaráhrif á lífríki. Að auki þarf að gera grein fyrir mögulegri þýðingu þess að nýta vatnsaflsvirkjanir á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu til að bregðast við breytilegri vinnslu vindorku og hafa hliðsjón af áhrifum þess við mat á samlegðaráhrifum.

**3. Rekstur og orkuöryggi.** Í umhverfismatsskýrslu skal nánar gert grein fyrir áhrifum stækkunar á *rekstur, raðtengdar virkjanir* og orkuöryggi.

### Framkvæmdalýsing

Í kafla 3.3.4 stendur: „Vegna stækkunar Sigöldustöðvar er stefnt að því að stækka núverandi stöðvarhús eða reisa nýtt hús *án þess að stöðva raforkuframleiðslu stöðvarinnar* (leturbr. Náttúrugrið).“ Í kafla 3.3.5 um frárennisskurð stendur: „Við stækkun Sigöldustöðvar um

eina vél breikkar stöðvarhúsið um 15 metra. Samsvarandi breikkun um 15 metra á sér stað á frárennslisskurði og endar sú breikkun í 160 metra fjarlægð frá miðlínu véla í stöðvarhúsi.“

Af orðalagi í kafla 3.3.4 mætti auðveldlega draga þá ályktun að mögulegt sé að stækka Sigöldustöð án þess að stöðva raforkuframleiðslu stöðvarinnar *á nokkrum tímamarki*, þótt við nánari athugun sé ljóst að aðeins sé átt við á meðan á uppsteypu stöðvarhúss fjórðu vélarsamstæðunnar stendur, og þá aðeins ef stöðvarhúsið yrði steipt sem sjálfstæð bygging. Í kafla 3.3.5 kemur fram að breikka þarf frárennslisskurð stöðvarinnar en það verður vart gert án þess að stöðva rekstur virkjunarinnar með öllu og dæla vatni úr frárennslisskurðinum á meðan hann er breikkaður.

Hvergi er hins vegar í umhverfismatsskýrslu rætt um rekstrarstöðvun Sigöldustöðvar á framkvæmdatíma, sem er áætlaður tvö ár, hve lengi stöðvunin myndi vara eða á hvaða tímamarki hún kæmi til framkvæmda í heildarframkvæmdinni. Stöðvun raforkuvinnslu í Sigöldustöð myndi hafa umtalsverð áhrif á náttúru og umhverfi á framkvæmdatíma þar sem veita þyrfti *öllu vatni* úr Krókslóni framhjá virkjuninni um upprunalegan farveg Tungnaár til Hrauneyjalóns. Náttúrugrið telja þennan þátt mikilsverðan og að koma þurfi skýrt fram í umhverfismatsskýrslu hve lengi áætlað er að stöðva þurfi rekstur Sigöldustöðvar á framkvæmdatíma og hvaða áhrif það hefði á umhverfi, rekstur stöðvarinnar og samrekstur við aðrar virkjanir á svæðinu.

### Spár um aukið vatnsrennsli

Náttúrugrið telja að Landsvirkjun hafi ekki uppfyllt það skilyrði sem Skipulagsstofnun setti í álitinu á matsáætlun þar sem sagði að gera þyrfti *grein fyrir áætlaðri orkuframleiðslu með hliðsjón af fyrirbyggjandi spám um aukið rennsli á vatnasviði virkjunarinnar*.

Í matsáætlun frá maí 2022 stendur: „Á næstu árum gera spár ráð fyrir markvert herra meðalrennsli í ám á Íslandi árin 2021–2050.“ Í kafla 1.2 *Forsendur stækkunar* í umhverfismatsskýrslu eru aftur á móti engar spár lagðar fram byggðar á vísindalegum gögnum um aukið rennsli á vatnasviði virkjunarinnar líkt og kveðið er á um í álitu Skipulagsstofnunar. Einungis er um að ræða óljóst orðalag um aukið rennsli næstu 15 ár (fram til 2036) og óvissu í spám eftir það:

Ef horft er til næstu 15 ára er búist við því að rennsli til raforkukerfisins haldi áfram að aukast um tæp 5% en einungis er unnt að nýta um þriðjung af þeirri rennslisaukningu í núverandi kerfi þar sem afl er orðið takmarkað. Óvissa er í spám lengra fram í tímann og eru þær háðar því hvernig ganga mun að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Náttúrugrið telja hér eðlilegt að framkvæmdaaðili leggi fram þær spár sem vísað er til *milli árunna 2021–2050* í matsáætlun enda óvarlegt að byggja stækkun á óljósum getgátum eða ætlunum um mögulegt rennsli án vísindalegra gagna þar að lútandi. Telja verður lágmark að



lagðar séu fram mismunandi spár um áhrif jökulbráðar og breytinga á úrkomu á rennsli út frá *ólíkum sviðsmyndum* næstu áratugi, byggðum þá t.d. á mismikilli hækkun hitastigs og mögulegum breytingum á úrkomumynstri á vatnasviði Sigölduvirkjunar. Ekki dugi hér að vísa til óvissu í framtíðinni enda segir í áliti Skipulagsstofnunar að leggja verði fram þær spár sem liggja nú fyrir. Vart verður því séð að fyrirbyggjandi umhverfismatsskýrsla uppfylli þetta skilyrði Skipulagsstofnunar. Ef tilgreindar spár í matsáætlun um „*markvert hærra meðalrennsli í ám á Íslandi árin 2021–2050*“ liggja ekki fyrir þarf slíkt að koma skýrt fram í umhverfismatsskýrslu.

Þetta er einnig áréttað á bls. 2 í áliti Skipulagsstofnunar um matsáætlun þar sem segir:

Skipulagsstofnun telur rétt að Landsvirkjun geri grein fyrir þeim forsendum sem framkvæmdaáformin byggja á, þ.e. spám um aukið rennsli og væntanlegri orkuframleiðslu að teknu tilliti til ólíkra sviðsmynda um væntanlegt rennsli. Þá bendir stofnunin á eðlilegt er að umfjöllun um núllkost taki mið af auknu rennsli (leturbr. Náttúrugrið).

Þessi efnisgrein Skipulagsstofnunar kemur í beinu framhaldi af umfjöllun um athugasemdir Náttúrugriða þar sem segir í áliti Skipulagsstofnunar:

Í athugasemd frá Náttúrugriðum segir að tilgangurinn með hönnun stöðvarinnar á sínum tíma hafi verið hugsuð út frá auknu rennsli með nýrri miðlun á svæðinu t.d. með byggingu Kjalölduveitu. Stækkun stöðvarinnar auki ákaflega lítið raforkuframleiðslu hennar nema aukin miðlum komi til.

Hér telja Náttúrugrið því að *ólíkar sviðsmyndir* vísi ekki einungis til almennra spáa um aukið meðalrennsli vegna loftslagsbreytinga heldur einnig til mögulegs viðbótarrennslis úr Þjórsá vegna byggingar Kjalölduveitu, en Landsvirkjun tekur sérstaklega fram í lýsingu á virkjunarkostinum fyrir Orkustofnun (sjá skjal LV-2019-067 „*Sigöldustöð – Stækkun; Tilhögun virkjunarkosts R4161A*“) að forsendu aflaukningar sé „að nýta betur miðlanir ofan stöðvar“. Það orðalag er mjög óljóst og getur vísað til fjölmargra ólíkra sviðsmynda, ekki einungis þeirra miðlana sem þegar hefur verið bætt við ofan Sigöldustöðvar (Kvísleveitu og Hágöngulóns) heldur einnig til nýrra miðlana eins og Kjalölduveitu, líkt og Náttúrugrið bentu á í athugasemdum sínum við matsáætlun. Kjalölduveita er nú í biðflokki rammaáætlunar og framkvæmdaaðili hefur í fjölmörg ár þrýst mjög á að hún verði að veruleika. Með Kjalölduveitu myndi rennsli um Sigöldustöð aukast mikið og raforkuvinnsla því samfara. Náttúrugrið telja afar mikilvægt að gerð verði grein fyrir þeirri mögulegu sviðsmynd að Kjalölduveita yrði að veruleika með auknu rennsli um stöðvar neðan Þórisvatns og telur að skilyrði Skipulagsstofnunar í áliti verði ekki uppfyllt án þess.

### Önnur áform á virkjanasvæðinu

Í áliti Skipulagsstofnunar á matsáætlun stækkunar Sigöldustöðvar stendur:

Í umhverfismatsskýrslu skal gera grein fyrir mögulegum samlegðaráhrifum fyrirhugaðar framkvæmdar með öðrum áformum á virkjanasvæðinu á vatnsrennsli og vatnsborð á áhrifasvæði framkvæmdanna (leturbr. Náttúrugrið).

Í kafla 4.2 *Aflaukning í Hrauneyjafossstöð* í umhverfismatsskýrslu stendur:

Við stækkun Sigöldustöðvar hafa önnur sambærileg áform verið skoðuð en fyrst og fremst hefur verið skoðuð aflaukning í Hrauneyjafossstöð sem næst liggur við Sigöldustöð. Slíkt væri rökrétt framhald af stækkun Sigöldustöðvar og því tekið fyrir hér umfram önnur áform sem eru fjær í tíma og rúmi.

Náttúrugrið telja það með öllu ófullnægjandi að einungis stækkun Hrauneyjafossstöðvar sé tekin fyrir í þessu samhengi og telur að það fullnægi alls ekki skilyrði Skipulagsstofnunar um að gerð sé grein fyrir „öðrum áformum á virkjanasvæðinu“. Stækkun Vatnsfellsstöðvar er nærtækt dæmi þar sem hún er fyrirhuguð í samræmi við lög 68/2022, breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (stækkanir virkjana í rekstri), en líkt og vísað er til hér að framan hefur framkvæmdaaðili einnig lengi talað fyrir Kjalölduveitu neðarlega í Þjórsárverum sem er í biðflokki rammaáætlunar frá 2022. Samkvæmt gögnum sem Landsvirkjun sendi til Orkustofnunar (*R3156A Kjalölduveita*) myndi Kjalölduveita auka rennsli til virkjana á Tungnaásvæðinu verulega eða að meðaltali um 37 m<sup>3</sup>/s. Jafnvel þótt framkvæmdaaðili fullyrði að Kjalölduveita sé ekki forsenda stækkunar Sigöldustöðvar þá er Kjalölduveita hluti af áætlunum Landsvirkjunar á virkjanasvæðinu og því hluti af öðrum áformum á virkjanasvæðinu sem taka þarf tillit til og gera grein fyrir í umhverfismatsskýrslu í samræmi við álit Skipulagsstofnunar.

Hér verður því að fara fram á að þessir kostir tveir, stækkun Vatnsfellsstöðvar og gerð Kjalölduveitu, verði einnig ræddir í umhverfismatsskýrslu þegar kemur að samlegðaráhrifum með stækkun Sigöldustöðvar, sérstaklega hvað varðar rennsli, aukna raforkuframleiðslu með stækkun Sigöldustöðvar (hvernig orkuframleiðsla (GWh/ár) myndi aukast við það að ráðist væri í gerð Kjalölduveitu samhliða stækkun Sigöldustöðvar) og samkeyrslu virkjana ofan Sultartangalóns.

—

Virðingarfyllst fyrir hönd Náttúrugriða,

Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur og stjórnarformaður